

66. kirkjuþing 2024 - 2025

12. mál – þskj. 12a

## T I L L A G A

### til þingsályktunar um samtök safnaða og sókna þjóðkirkjunnar.

Flm. Steindór R. Haraldsson, Áslaug I. Kristjánsdóttir,  
Óskar Magnússon og Stefán Magnússon.

Kirkjuþing 2024-2025 hvetur til þess að söfnuðir þjóðkirkjunnar hafi með sér öflug samtök, sem séu sameiginlegur vettvangur kirkjufólks og í fyrirsvari fyrir söfnuði landsins. Jafnframt styður kirkjuþing sameiginlegt átak Leikmannastefnu og Sóknasambands um sameiningu þessara samtaka í því augnamiði að vera vettvangur þeirra í þjóðkirkjunni og þar sem við á.

#### Greinargerð.

Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í lögum um þjóðkirkjuna nr. 77/2021 skyldu allar starfsreglur kirkjuþings falla brott 31. desember 2021. Leikmannastefna byggir grundvöll sinn á starfsreglum um leikmannastefnu nr. 874/2004, með síðari breytingum, en þær falla úr gildi þann 1. júní 2025.

Sóknasamband Íslands var stofnað árið 2019 og stofnskrá fyrir sambandið samþykkt. Um er að ræða félag sókna þjóðkirkjunnar, sem allar þjóðkirkjusóknir geta tilheyrt, en félagsaðild er þó frjál.

Starfsemi Sóknasambands og Leikmannastefnu hefur átt erfitt uppdráttar frá því fyrri hluta árs 2020 þegar Covid farsóttin kom upp. Sambandið og Leikmannaráð hafa þó tjáð sig um skerðingar sóknargjalda á umliðnum árum. Fulltrúar Sóknasambandsins voru boðaðir á fund Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis haustið 2022 og 2023 til að ræða áformaða skerðingu sóknargjalda. Það sama verður nú 2024 að öðru leiti en því að nú fara forsvarsmenn Sóknasambands og Leikmannastefnu saman til fundar við Efnahags- og viðskiptanefnd.

Mikilvægt er að söfnuðir og sóknir þjóðkirkjunnar eigi sér sameiginlegan vettvang og að til staðar sé aðili sem hafi umboð til að tjá sig fyrir þeirra hönd, þ. á m. gagnvart stjórnvöldum ríkisins og kirkjunnar.

Telja verður að yfirlýst markmið og tilgangur Sóknasambandsins annars vegar og Leikmannastefnu hins vegar falli saman. Mikilvægt er að tryggja að samtök af þessu tagi séu sprottin úr grasrótinni. Flutningsmenn hafa tryggt að sátt er um þessa málsmeðferð hjá forsvarsmönnum Leikmannastefnu og Sóknasambandsins.

Kirkjuþing og biskup Íslands bera eftir sem áður tiltekna ábyrgð á málefnum safnaða og sókna. Þar má einkum nefna að söfnuðum sé veitt hvatning og stuðningur, s.s. í ræðu og riti, fræðslu, útgáfu efnis, ráðgjafar og stefnumótunar. Verði tillaga þessi samþykkt er gert ráð fyrir að samskipti og verkaskipti varðandi þessa þætti þróist í tímans rás.

Staða þeirra sókna sem kjósa að standa utan sambands safnaða á ekki að breytast frá því sem verið hefur. Þær hafa óskert athafnafrelsi og geta tjáð sig að vild.

Flutningsmenn vænta þess að:

1. Kirkjuþing viðurkenni samtök safnaðarfólks sem
    - frjálsa og óháða hreyfingu safnaðarfólks og sókna þjóðkirkjunnar sem muni standa vörð um hagsmuni þeirra
    - réttbæran aðila til fyrirsvars safnaðarfólks og sókna þjóðkirkjunnar í sameiginlegum málefnum þeirra gagnvart kirkjuþinginu, stjórnvöldum landsins og öðrum aðilum
    - áfram verði árlegur landsfundur leikmanna með virkri þátttöku biskups og kirkjuþings sem sé vettvangur samtals, stefnumótunar og upplýsingamiðlunar.
  2. Sambandið muni ávallt í starfsháttum sínum hafa í heiðri grundvallarreglur jafnræðis og lýðræðis.
  3. Kirkjuþing og sambandið leggi áherslu á gott samstarf og gagnkvæma upplýsingamiðlun.
  4. Kirkjuþing hefur í huga tilgang Hins almenna kirkjusjóðs, sem stofnsettur var 1890 og samþykkir að arður af eign sjóðsins renni árlega til sambandsins.
  5. Yfirlýsing þessi takmarkar hvorki rétt eða umboð kirkjuþingsfulltrúa í störfum sínum fyrir kirkjuþing né annarra aðila innan kirkjunnar.
- Flutningsmenn telja brýnt að verkefni þetta fái aðgang að starfsmanni og fjármuni til að tryggja að stofnun samtakanna verði árangursrík og þau markmið náist sem að er stefnt.
- Kostnaðaráætlun fylgir málinu.